

Ed.

139. Frumvarp

til laga um aukinn rjett kvenna. — Flutningsm. Sighv. Arnason.

1. gr. Ekkjur og aðrar ógiptar konur, sem standa fyrir búi, eða eiga með sig sjálfar, skulu hafa kosningarrjett til alþingis, ef þær fullnægja skilyrðum þeim, sem körlum eru sett í 17. gr. stjórnarskrárinnar.

2. gr. Konum skal jafnt sem körlum heimilt að taka próf við latínuskólann, ganga á presta- og læknaskólann og taka þar próf.

3. gr. Lög þessi öðlast gildi 25. apríl 1886.